

Eg vil ekkert anda-búr
Eyris-virði kaupa—
Hæna til mín eilífð úr
Alla skollans laupa.

Óhemjandi anda skrök
Ekki kæri mig um.
Mér er nógu vönd í vök
Vörn mót kvikra lygum.

Er ei minni hjátrú höpp,
Hún svo standi' á nálum,
Þó að borðs og bekkjar löpp
Brölti' á dauðum sálum.

Afarmennin okkar hér
Afstyrmt hefir körin.
Voðum þeirra virðist mér
Versni afturförin.

Það er ekkert lyga-last
Liðnum draug til rýrðar—
Allar vofur uppgefast
Eðlilega skýrðar. |

Eina leið þeim ávalt fer.
Er ei slíks að dylgja,
Þessi óláns-þáttur er
Þeirra ættar-fylgja.

Vitnin munu síðar sótt
Sjálfsblekkingar yfir:
Sérhver draugur, dag sem nótt,
Dylst í þeim sem lifir.

